



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## SAMÚÐARKVEÐJA TIL ÍTALA

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson sendi í dag, fimmtudaginn 25. ágúst 2016, samúðarkveðju sína og íslensku þjóðarinnar til forseta Ítalíu í tilefni af hinum mannskæðu jarðskjálftum í landinu.

Forseti sagði að þessar hörmungar minni okkur öll á ofurkraft náttúruafla en jafnframt á þau gildi sem birtist í framgöngu sjálfbóðaliða og björgunarsveita sem komi nú fórnarlömbum til hjálpar. Myndin af hinum fagra bæ Amatrice, sem nú markist af sorg og rústum, muni lifa í minningu Íslendinga.

25. ágúst 2016

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*